



***Reglugerð
vinnudeilusjóðs
AFLs - Starfsgreinafélags***

Efnisyfirlit

<i>Reglugerð vinnudeilusjóðs AFLs Starfsgreinafélags</i>	1
1. gr. Nafn sjóðsins.	3
2. gr. Tilgangur sjóðsins.	3
3. gr. Tekjur sjóðsins.....	3
4. gr. Stjórn sjóðsins og hlutverk hennar.	3
5. gr. Greiðslur úr sjóðnum.	3
6. gr. Endurskoðun.....	3
7. gr. Varsla á fjármunum sjóðsins.	3
8. gr. Ágreiningur.....	3
9. gr. Slit á sjóðnum.	3
10. gr. Breytingar á reglugerð.	3

1. gr. Nafn sjóðsins.

Heiti sjóðsins er Vinnudeilusjóður AFLs - Starfsgreinafélags og er eign AFLs - Starfsgreinafélags. Heimili hans og varnarþing er í Fjarðabyggð.

2. gr. Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn AFLs - Starfsgreinafélags sem vegna fjárhagslegra ástæðna geta ekki staðið í fylkingu er félagið lendir í vinnudeilum við atvinnurekendur, t.d. verkföllum eða verkbönnum.

3. gr. Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins skulu vera 15 % af greiddum félagsgjöldum svo og vaxtatekjur. Aðalfundur félagsins getur ákveðið breytingar á tekjustofnum sjóðsins.

4. gr. Stjórn sjóðsins og hlutverk hennar.

Á aðalfundi félagsins, ár hvert, skal kjósa þriggja manna stjórn, kjósa skal tvo varamenn á sama hátt, stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal gera tillögur um úthlutun styrkja úr sjóðnum.

5. gr. Greiðslur úr sjóðnum.

Rétt til styrks úr sjóðnum eiga allir fullgildir félagsmenn AFLs - Starfsgreinafélags sem eru skuldlausir við félagið þegar styrkbeiðni kemur fram. Allar greiðslur úr sjóðnum, skulu háðar samþykki félagsstjórnar. Aðalskrifstofa félagsins skal sjá um greiðslur úr sjóðnum.

6. gr. Endurskoðun.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera þeir sömu og endurskoðendur félagsins, og reikningar birtir með félagsreikningum og bornir undir aðalfund til samþykktar.

7. gr. Varsla á fjármunum sjóðsins.

Stjórn félagsins annast vörslu sjóðsins, á sem tryggilegastan máta, er tryggi verðgildi og ávöxtun hans.

8. gr. Ágreiningur.

Allur ágreiningur út af styrkveitingum eða meðferð sjóðsins skal borin undir lögmætan félagsfund til úrskurðar. Þó er ekki hægt að afturkalla styrk sem greiddur hefur verið út.

9. gr. Slit á sjóðnum.

Verði sjóður þessi af einhverjum ástæðum að hætta störfum, þá ráðstafar aðalfundur félagsins eigum hans.

10. gr. Breytingar á reglugerð.

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi félagsins, með samþykki 2/3 hluta atkvæða. Slíkrar tillögu skal getið í fundarboði.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins 28. apríl 2007.